

Ársskýrsla fyrir barna- og unglíngastarf Grafarvogskirkju

2017

Barna- og unglíngastarf vorönn 2017

Barna- og unglíngastarf sem í boði var á vorönn var: 6-9 ára starf í Kirkjuselinu (fimmtudaga kl. 17:00-18:00), 10-12 ára starf í kirkjunni (mánudaga kl. 17:30-18:30), æskulýðsfélag í kirkjunni fyrir 8-10.bekk (mánudaga 20:00-21:30), sunnudagaskóli alla sunnudaga kl. 11:00 í Grafarvogskirkju og kl. 13:00 í Kirkjuselinu.

Starfið var mjög vel sótt um vorið en ávallt voru á bilinu 15-30 börn í hverju starfi fyrri sig vikulega.

Barna- og unglíngastarf haustönn 2017

Barna- og unglíngastarf sem í boði var á haustönn var 6-9 ára starf í kirkjunni (mánudaga kl. 16:00-17:00), 6-9 ára starf í Kirkjuselinu (fimmtudaga kl. 17:00-18:00), 10-12 ára starf í kirkjunni (mánudaga kl. 17:30-18:30), æskulýðsfélag í kirkjunni fyrir 8-10.bekk (mánudaga 20:00-21:30), sunnudagaskóli alla sunnudaga kl. 11:00 í Grafarvogskirkju.

Vegna lélegrar mætingar í sunnudagaskólann í Kirkjuselinu var ákveðið að prufa að hvíla hann um einhvern tíma.

Ákveðið var að byrja aftur með 6-9 ára starf í kirkjunni um haustið þar sem æskulýðsfulltrúinn taldi að mikil eftirspurn væri eftir því starfi eftir sumarið. Til upprifjunar var 6-9 ára starfið fellt niður haustið 2016 vegna lélegrar mætingar.

Bæði 6-9 ára störf og 10-12 ára starfið var vel sótt, en 15-30 börn mættu á fund í hverju starfi fyrir sig vikulega.

Ævintýranámskeið sumarið 2017

Sumarið 2017 voru haldin 3 ævintýranámskeið. Það var fullt á öll námskeiðin og langir biðlistar á þau öll. Stjórnendur á námskeiðinu voru Þóra Björg Sigurðardóttir og Ásta Jóhanna Harðardóttir. Aðstoðarleiðtogar voru Kristinn Snær Sigurðsson, Aldís María, Elísa Rós Tani, Heiðbjört Heide, Helga Valborg Guðmundsdóttir og Hulda Berglind Tamara Apolinario. Námskeiðin voru mjög vel heppnuð og við vorum með einstaklega sterkan hóp af leiðtogum þetta sumarið. Tekin var ákvörðun um að reyna að bæta við einu námskeiði í viðbót sumarið 2018.

Hvernig var dagskráin?

Margt var í boði fyrir hvern aldurshóp fyrir sig. Svo eitthvað sé nefnt var diskó-fundur, náttfatapartý, brjóstsykursgerð, hæfileikasýning, capture the flag, rugldagur, fáránleikar, orrusta og grímuball í boði fyrir yngri börnin. Fyrir eldri krakkana og unglíngana var pizzuratleikur, survivor, kökukeppni, skottaleikur, capture the flag, orrusta, mission impossible, ratleikur í myrkri og spilakvöld svo eitthvað sé nefnt.

Hvert var farið?

Farið var í 2 ferðir yfir veturinn. Í mars 2017 fóru krakkarnir úr 10-12 ára starfinu á mót ÆSKR í Vatnaskógi. Í lok maí fóru öll 6-12 ára börn úr barnastarfinu í vorferð á vegum Grafarvogskirkju upp í Vatnaskóg. Ekki var farið á landsmót ÆSKP í október að þetta árið vegna lélegrar skráningar.

Leiðtogar 2017

Þóra Björg Sigurðardóttir hóf aftur störf sem æskulýðsfulltrúi í janúar 2017 eftir barneignarleyfi. Hún tók þó einnig við ritarastöðu og minnkaði aðeins við sig í æskulýðsstarfinu á móti og voru því ráðnir inn leiðtogar sem leiddu æskulýðsstarfið fyrir unglíngana.

Leiðtogar í 6-9 ára starfi: Þóra Björg Sigurðardóttir, Ásta Jóhanna Harðardóttir og Kristinn Snær Sigurðsson.

Leiðtogar í 10-12 ára starfi (TTT): Þóra Björg Sigurðardóttir og Ásta Jóhanna Harðardóttir.

Leiðtogar í æskulýðsfélaginu: Matthías Guðmundsson (vor 2017), Hans Patrekur Hansson (vor 2017), Gunnhildur Einarsdóttir (vor 2017), og Ingibjörg Lóreyey Zimzen Friðriksdóttir (vor 2017), Hreinn Pálsson (haust 2017), Bjarki Geirdal Guðfinnsson (haust 2017), Anna Pálsdóttir (haust 2017).

Umsjón með sunnudagaskóla í Grafarvogskirkju: Þóra Björg Sigurðardóttir og Hólmfríður Frostadóttir (haust 2017).

Umsjón með sunnudagaskóla í Kirkjuselinu: Þóra Björg Sigurðardóttir (vor 2017) og Bjarki Geirdal Guðfinnsson (vor 2017).

Hvað er framundan?

Þann 17. maí er börnum í barnastarfi kirkjunnar boðið að koma með í vorferðalag upp í Vatnaskóg. Nú þegar eru 34 börn skráð og stefnir því í met mætingu. Í sumar verða aftur ævintýranámskeið í Grafarvogskirkju og ákveðið var að bæta við einu námskeiði í viðbót í ágúst. Fullt er á námskeiðin og einnig langir biðlistar. Framtíðin er björt ☺